

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Hörður Oddfríðarson, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, og Guðrún Pálsdóttir og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Júlía Þorvaldsdóttir og Árni Stefánsson

Afboða, mæta ekki :

Fundur 18.10.2023 settur kl. 19.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. ÍM25 verður haldið í Ásvallalaug þann 10.-12. nóvember næstkomandi. Skráningafrestur er til 25. október.
- b. Framkvæmdastjóri, yfirmaður mótamála og yfirmaður landsliðsmála funduðu með SH þann 16. okt til að fara yfir fyrirkomulag vegna SMÍ. Almenn ánægja var með fyrirkomulagi í ár þ.e að það væri synt bein í úrslitum og var ákveðið að hafa mótð áfram með þeim hætti og hafa það í þremur hlutum 15. og 16. júní og hafa lokahóf á eftir. Bikar verður haldin í Laugardalslaug daganna 15. og 16. (3 hlutar) des og búið að leiðrétta í atburðardagatali. Önnur mót verða haldin samkvæmt atburðadagatali.
- c. Ákveðið var að ÍM25, ÍM50 og RIG verði sýnd í streymi á vegum SSÍ.
- d. Fari yfir hugmyndir að greiðslu frá SSÍ til samstarfsaðila móta. Ákveðið var að greiða fyrir hvern hluta þar sem það er ekki sanngjarnt að mót sem er 3 hlutar annarsvegar og 3 hlutar hinsvegar séu að fá sömu meðgjöf. Lagt til að greiða 20 þús á hvern hluta.
- e. Framkvæmdastjóri og yfirmaður mótamála hafa rætt við aðila til að sjá um upptökur og skot af ÍM25 og Instagram innslög. Einnig verið að skoða með að senda viðkomandi á EM25 til upptöku og viðtöl.
- f. Farið var yfir kostnaðarskiptingu niður á verkefni og stoðþjónustu fyrir landsliðsfólk. Viðmiðunarreglur verða settar á vefinn.
- g. Formaður og framkvæmdastjóri áttu fund með íþróttadeild RÚV til að fara yfir næstu verkefni og möguleika á sýningum frá þeim bæði verkefni innanlands og utan. SSÍ hefur átt gott samstarf við RÚV undanfarin ár en við viljum alltaf meira. Aðalmálið er að hafa gott upplýsingastreymi á milli aðila.
- h. Rætt um verðlaunaafhendingu á ÍM25 og hvort að það sé möguleiki á að „poppa“ hana eitthvað upp?
- i. Formaður sótti fjarfund sem ÍSÍ hélt með formönnum sérsambanda þann 16. okt. Fundurinn var aðallega upplýsingafundur um helstu mál sem eru í gangi og staða þeirra.
- j. Formaður, framkvæmdastjóri og yfirmaður landsliðsmála sátu fund með afreksstjóði þann 17. Okt. Vésteinn Hafsteinsson kynnti þar stöðuna á framtíðarsýn afreksmála sem er gríðarlega umfangsmikið verkefni þvert á öllu ráðuneyti og sveitarfélög landsins. Kári Steinn hjá ÍSÍ kynnti þar drög að nýrri reglugerð og úthlutnareglum afrekssjóðs sem meðal annars er byggt á athugasemdum og ábendingum frá sérsamböndunum.
- k. Eftirfarandi dómara hafa verið valdir í erlend verkefni á vegum SSÍ:

- a. Björn Valdimarsson hefur verið tilnefndur af SSÍ sem dómari við Ólympíuleikana í París 2024 sem og á HM50 sem fram fer í Doha 11.-17. febrúar á næsta ári.
- b. Ingibjörg Ýr Pálmadóttir hefur nú þegar fengið staðfestingu á að hún verður dómari á EM25 sem fram í Búkarest 5.-10. desember næstkomandi.
- c. Þá hafa þær Ragnheiði Birnu Björnsdóttur og Viktoríu Gísladóttur fyrir EM Masters í Madeira 19.-25. Nóvember.
- l. Norðurlandamót Garpa fór fram í Kaupmannahöfn 30.sept og 1. Okt. Við sendum fríðan hóp fólks og það voru sett hvorki meira né minna en 39 Íslandsmet á mótinu.
- m. Landsátakið syndum verður haldið í samvinnu við ÍSÍ og verður sett þann 1. Nóv næstkomandi.
- n. Búið er að uppfæra öll met á Swimrankings þ.m.t garpamet.

3. Afreksmál

- Æfingahelgi framtíðarhóps var haldin í Hafnarfirði 30.sept til 1.okt. Það tókst vel til þar sem foreldraráð SH sá um veitingar fyrir hópinn. Að þessu sinnu voru það 22 einstaklingar sem voru valin fyrir þessa helgi, 7 frá ÍRB, 6 frá SH, 5 frá Breiðablik, 2 frá Ármann, 1 frá ÍA og 1 frá Óðni. Eftirtaldir þjálfarar tóku þátt, Eyleifur (SSÍ), Bjarney (ÍA), Daniel (SH), Hildur (Óðinn), Hjalti (Ármann) og Rakel (ÍRB). Elín Sigurðardóttir hélt fyrirlestur um sundferil sinn (ÓL 1996 og 2000) og Númi Snær Katrínarson sá um landþjálfun fyrir hópinn. Skemmtileg kvöldvaka var haldin laugardagskvöldið og fyrirlestur fyrir foreldra á sunnudeginum.
- World Cup í Berlín dagana 6. – 8. Október. fimm manna hópur frá Íslandi tók þátt í þessu sterka móti þar sem mikið af besta sundfólki heims var meðal keppenda. Mótið fór fram í 50m laug að þessu sinni, þar sem þetta er Ólympíusundár. Lagt var af stað fimmtudagsmorgun og heimkoma seinnipart mánudags. Árangurinn var góður, fólk að synda við sína bestu tíma. Bestum árangri Náði Snæfríður Sól sem komst í úrslit í 100m skriðsund og endaði í 9. Sæti í 200m skriðsundi. Lærdómsríkt verkefni fyrir sundfólkið okkar sem gefur góða reynslu að keppa á stóru alþjóðlegu móti. Þjálfarar sátir með verkefnið í heild sinni.
 - Sundfólk: Birgitta (SH), Einar Margeir (ÍA), Snorri Dagur (SH), Snæfríður Sól (AS) og Vala Dís (SH)
 - Þjálfarar: Eyleifur (SSÍ) og Mladen (SH)
- Verkefni framundan
 - Norðurlandamótið í Tartu Eistlandi 1. – 3. desember. Hægt er að ná lágörkum fyrir NM og Cubemóti SH um helgina og ÍM25 10-12.nóvember. Engar óskir hafa borist frá sundfólki erlendis um að ná lágörkum á öðrum mótum.
 - Evrópumeistaramótið í 25m laug í Otopeni Rúmeníu frá 5. – 10. desember. . Hægt er að ná lágörkum fyrir NM og Cubemóti SH um helgina og ÍM25 10-12.nóvember. Engar óskir hafa borist frá sundfólki erlendis um að ná lágörkum á öðrum mótum. Anton Sveinn og Snæfríður Sól hafa unnið sér keppnisrétt á mótinu (HM50).
 - Æfingabúðir á Tenerife 30.jan til 9.feb. Við erum byrjuð að skoða þetta og finna starfsfólk fyrir þetta verkefni.
 - SSÍ tekur ekki þátt í HM50 í Doha í febrúar.
 - Engar upplýsingar hafa komið vegna EM50 2024.

- Undirbúningsvinna er hafin varðandi framtíðina í samstarfi með ÍSÍ (Vésteinn). Umræður og skoða hvað þarf að gerast hérna til að við getum tekið næsta skref.

4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

- Farið var yfir 120. fundargerð dómaranefndar frá 5.okt 2023
- Sigurður Óli Guðmundsson hefur óskað eftir að hætta í dómaranefnd. Stjórn SSÍ vill þakka honum kærlega fyrir frábærlega unnin störf í þágu sundhreyfingarinnar undanfarin ár en vonast til að sjá hann á bakkanum eitthvað áfram.

5. Staðfesting meta

25 metra laug

Met af Norðurlandamóti Garpa í Kaupmannahöfn 30. Sept – 1. Okt. Sjá í viðhengi 1 með fundargerð

Aldursflokkamet strákar 13-15 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
4x100 m skrið	Nikolai Jónsson	ÍRB	3:45.22	08.10.2023	Reykjavík
4x100 m skrið	Daði Rafn Falsson	ÍRB	3:45.22	08.10.2023	Reykjavík
4x100 m skrið	Ári Þór Pálmason	ÍRB	3:45.22	08.10.2023	Reykjavík
4x100 m skrið	Denas Kazulis	ÍRB	3:45.22	08.10.2023	Reykjavík.

2. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
-------	--------------	-------------	-------------	-------------

3. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
------	------	----------

4. Önnur mál:

- Formaður gerði grein fyrir fundi með formönnum frá norræna samstarfinu sem haldnir hafa verið vikulega sem fjarfundir. Í lok janúar verður ráðstefna á vegum European Aquatics þar sem kosið er á ný í stjórn og nefndir. Við munum tilnefna tvo aðila í nefndir en það eru Hörður Oddfríðarson í Masters nefnd og Viktoría Gísladóttir í Tækninefnd.
- Þann 20. nóvember verður haldin stór afreksráðstefna á Hotel Nordica þar sem ráðherra og aðrir áhrifamenn mæta. Mikilvægt er að það myndist góð samstaða og mæting innan íþróttahreyfingarinnar. Stjórnarfolk SSÍ er hvatt til að mæta.
- Formaður hefur sent erindi til dómaranefndar að Hörður Oddfríðarson verði skráður sem tæknifullrúi dómaranefndar (NTO)

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 21.00

Viðauki 1: Garpamet

Ný Íslandsmet Garpa

Nafn	Lið	Grein	Aldursflokkur	Tími	Fyrri met
Przemyslaw Pulawski	Breiðablik	400m skriðsund	30-34	4:21,57	Ómar Friðri
Steinn Jóhannsson	SH	400m skriðsund	55-59	5:15,09	Steinn Jóha
Einar Hauksson	Breiðablik	400m skriðsund	65-69	6:07,39	Kári Geirlau
Jóhann Björnsson	Breiðablik	50m flugsund	55-59	32,08	Guðni Guðr
Rémi Spilliaert	Ægir	50m flugsund	65-69	37,90	Guðjón Guð
Sigurlín Garðarsdóttir	UMF Selfoss	50m flugsund	45-49	34,95	Sigurlín Gar
Elín Viðarsdóttir	Breiðablik	50m flugsund	55-59	39,68	Elín Viðarsc
Leifur Guðni Grétarsson	Breiðablik	100m bringusund	30-34	1:10,17	Leifur Guðr
Þuríður Eiríksdóttir	Breiðablik	100m bringusund	35-39	1:23,60	Hafdís Erla
Ásta Þóra Ólafsdóttir	Breiðablik	100m bringusund	60-64	1:38,68	Ásta Þóra Ó
Przemyslaw Pulawski	Breiðablik	100m baksund	30-34	1:02,29	Ómar Friðri
Heiðurín Ingólfssdóttir	Breiðablik	100m baksund	35-39	1:18,59	Elín Sigurða
Elín Viðarsdóttir	Breiðablik	100m baksund	55-59	1:29,91	Elín Viðarsc
Hákon Jónsson	Breiðablik	200m flugsund	35-39	2:50,07	Hákon Jóns
Rémi Spilliaert	Ægir	200m flugsund	65-69	3:48,24	<i>ekkert met</i>
María Fanndal Birkisdóttir	Breiðablik	200m flugsund	45-49	3:39,03	<i>ekkert met</i>
Rémi Spilliaert	Ægir	100m skriðsund	65-69	1:13,91	Kári Geirlau
Przemyslaw Pulawski	Breiðablik	100m flugsund	30-34	1:02,31	Hákon Örn
Jóhann Björnsson	Breiðablik	100m flugsund	55-59	1:17,23	Guðni Guðr
Leifur Guðni Grétarsson	Breiðablik	50m bringusund	30-34	30,91	Arnoddur E
Þuríður Eiríksdóttir	Breiðablik	50m bringusund	35-39	37,76	Þuríður Eirí
Rémi Spilliaert	Ægir	100m fjórsund	65-69	1:30,36	Guðjón Guð
Þuríður Eiríksdóttir	Breiðablik	100m fjórsund	35-39	1:14,41	Hafdís Erla
Sigurlín Garðarsdóttir	UMF Selfoss	100m fjórsund	45-49	1:18,53	Sigurlín Gar
Leifur Guðni Grétarsson	Breiðablik	200m bringusund	30-34	2:33,29	Leifur Guðr
Leifur Guðni Grétarsson	Breiðablik	400m fjórsund	30-34	5:16,78	Heimir Örn

Steinn Jóhannsson	SH	400m fjórsund	55-59	5:44,93	Ká
Rémi Spilliaert	Ægir	400m fjórsund	65-69	7:24,71	ek.
Sigurbjörn Einarsson	Ægir	400m fjórsund	70-74	9:00,43	ek.
Przemyslaw Pulawski	Breiðablik	50m baksund	30-34	29,23	Pr.
Sigurlín Garðarsdóttir	UMF Selfoss	50m baksund	45-49	37,37	Sig
Elín Viðarsdóttir	Breiðablik	50m baksund	55-59	42,30	Elí
Rémi Spilliaert	Ægir	50m skriðsund	65-69	32,69	Ká
Ásta Þóra Ólafsdóttir	Breiðablik	50m skriðsund	60-64	34,70	Ás